

FW: Áskorun stjórnar Félags atvinnurekenda vegna fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði

Til : Auður Þorkelsdóttir
Frá : Sigríður Kristinsdóttir
Heiti : FW: Áskorun stjórnar Félags atvinnurekenda vegna fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði
Málsnúmer : 2009452
Málsaðili : Félag atvinnurekenda
Skráð dags : 18.09.2020 12:20:06
Höfundur : Sigríður Kristinsdóttir

Viðhengi [image004.png](#)[image004.png](#)
[image003.jpg](#)[image003.jpg](#)
[pastedGraphic.png](#)[pastedGraphic.png](#)

sæl.

bið þig að stofna mál og setja á fund bæjarráðs

From: Hafnarfjörður Hafnarfjordur
Sent: föstudagur, 18. september 2020 11:58
To: Rósa Guðbjartsdóttir ; Sigríður Kristinsdóttir
Subject: FW: Áskorun stjórnar Félags atvinnurekenda vegna fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði

Áframsent.

Kveðja, Anna Bára



Anna Bára Gunnarsdóttir

Deildarstjóri þjónustuvers
Þjónustu- og þróunarsvið
Strandgata 6
annabg@hafnarfjordur.is
585 5500



www.hafnarfjordur.is

From: Ólafur Stephensen <olafur@atvinnurekendur.is>
Sent: föstudagur, 18. september 2020 11:39
To: samband@samband.is
Subject: Áskorun stjórnar Félags atvinnurekenda vegna fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði

Til þess sem málið varðar.

Stjórn Félags atvinnurekenda samþykkti á fundi sínum í gær eftirfarandi áskorun til sveitarfélaga. Óskað er eftir að hún verði áframsend til bæjar- og sveitarstjóra.

?Stjórn Félags atvinnurekenda ítrekar áskorun sína til sveitarfélaganna að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði við gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár. Félagið leggst eindregið gegn öllum hugmyndum um hækkun á fasteignaskatti fyrirtækja. Íþyngjandi skattbyrði vegna hækkana

fasteignamats undanfarin ár gerir fyrirtækjum víða um land erfitt fyrir að ná sér á strik eftir kreppuna vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar.

Fasteignaskattar fyrirtækja á Íslandi eru alltof háir í öllum samanburði. Þeir eru þannig þeir hæstu á Norðurlöndum og tvöfalt hærri en í Svíþjóð, reiknaðir sem hlutfall landsframleiðslu. Þetta kemur niður á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Fasteignaskattar eru hér á landi reiknaðir sem hlutfall af fasteignamati, sem sveiflast með eignaverði. Frá árinu 2013 og til ársins 2021 hefur fasteignamat atvinnuhúsnæðis á landinu hækkað um 84,5%. Á árunum 2013-2019 hækkaði matið um tæplega 70%, en álagðir fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði hækkuðu á sama tíma úr 15,2 milljörðum króna í 26,7 milljarða, eða um 75%, þrátt fyrir að fáein sveitarfélög hafi lækkað álagningarprósentu. Við útreikning fasteignamats fyrir 2021 og þar með skattstofnsins var tekið mið af áframhaldandi hækkun eignaverðs á síðasta ári, en efnahagsskellurinn vegna heimsfaraldursins var ekki tekinn með í reikninginn.

Stjórn FA skorar á sveitarfélögin að leggja sitt af mörkum til þess að létta undir með fyrirtækjum, sem þurfa á öllu sínu að halda til að reisa reksturinn við og skapa atvinnu eftir heimsfaraldurinn. Að viðhalda háum fasteignasköttum eða hækka þá jafnvel hægir á endurreisn atvinnulífsins.

Stjórn FA skorar jafnframt á ríkisstjórnina og sveitarfélögin að setjast að samningaborði og semja um nýtt og sanngjarnara kerfi fasteignaskatta á fyrirtæki. Núverandi kerfi, þar sem skattlagning fylgir sveiflum í eignaverði, byggist á flóknum reikniformúlum og er fyrir vikið ógegnsæ og ófyrirsjáanleg, stenst ekki kröfur stjórnarskrárinnar um skýrleika skattlagningarheimilda.?

Kveðja,

Ólafur Stephensen
Frankvæmdastjóri/Secretary General

Félag atvinnurekenda
The Icelandic Federation of Trade

Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7,
103 Reykjavík,

Sími | Phone: 354 588 8910
Farsími | Mobile: 354 669 1218
olafur@atvinnurekendur.is
www.atvinnurekendur.is

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)
[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)